REGLUGERÐ

um afnám reglugerða um bann við veiðum út af Deild og Gelti.

1. gr.

Með reglugerð þessari eru felldar úr gildi eftirfarandi reglugerðir: nr. 544, 25. júlí 2002, um bann við línuveiðum út af Deild og Gelti og nr. 779, 14. nóvember 2002, um bann við línu- og handfæraveiðum út af Deild.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. apríl 2003.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

1. apríl 2003 Nr. 233

GJALDSKRÁ

Heyrnar- og talmeinastöðvar fyrir þjónustu við þá sem eru með heyrnar- og talmein.

1. gr.

Viðgerðarþjónusta.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir viðgerð á hjálpartæki eftir að ábyrgðartíma lýkur sem hér segir:

a. Fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur sem tekur að gera við tækið greiðast kr. 500 með virðisaukaskatti.
b. Fyrir íhluti (varahluti) greiðist kostnaðarverð.

2. gr.

Sérfræðilæknisþjónusta.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Greining og meðferð talmeina.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir greiningu og meðferð talmeina, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar rannsóknir sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt:
a. Fyrir greiningu 1.540 kr.
b. Einstaklingsmeðferð 1.540 kr.
c. Meðferð tveggja sjúklinga samtímis, 1.100 kr. fyrir hvorn sjúkling.
d. Hópmeðferð 733 kr. fyrir hvern sjúling.